



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/316

komudagur 30.11.2005

Hlín Lilja Sigfúsdóttir
Alþingi
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 28. nóvember 2005

SP/hó


Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90/2003
Tilv: 2005110021

Bændasamtökum Íslands hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar dags. 21. nóvember sl.

Stjórn Bændasamtaka Íslands telur, að þarna sé um brýnt hagsmunamál að ræða fyrir íbúa dreifðra byggða, sem margir hverjir verða að sækja vinnu um langan veg til að komast af og halda búsetu sinni. Þetta á t.d. við um fjölda bænda, og mundi skattafsláttur eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, verða umtalsverð kjarabót.

Stjórn Bændasamtaka Íslands gerir sér fyllilega grein fyrir því, að allar slíkar undanþágur geta orkað tvímælis, og að afla þarf tekna í staðinn eða minnka útgjöld á móti skattafrádrætti sem þessum. Engu að síður telur stjórnin að hér séu um slíkt réttlætismál að ræða, að hún mælir eindregið með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurður Þorgeirsson